

**Alþingi**  
**00 201**

**Ársreikningur 2025**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Áritun endurskoðanda .....	<b>3</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>5</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>6</b>
Sjóðstremisýfirlit .....	<b>7</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>8</b>
Starfsþáttayfirlit .....	<b>9</b>
Skýringar .....	<b>10</b>

**Alþingi**

**kt. 420169-3889**

**Kirkjustræti, 150 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Alþingi er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins fer Alþingi með löggjafavaldið ásamt forseta Íslands. Meginverkefni Alþingis er lagasetning en þingið fer einnig með viðamiklari eftirlitshlutverk.

Starfsemin fellur undir málefnavið 01 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 5.432,4 milljónir og afkoma kr. 411,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 639,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.459,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og aukafjárlögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytinga ársins er á bls. 8

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reiknisskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignaheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samninga, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Skrifstofustjóri staðfestir hér með ársreikning Alþingis fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Sverrir Jónsson

Skrifstofustjóri

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til forsætisnefndar Alþingis

## Áritun um endurskoðun ársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Alþingis fyrir árið 2025 að undanskilinni skýrslu og áritun forstöðumanns. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun forstöðumanns, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, starfsþáttayfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Skýrsla og áritun forstöðumanns er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2025, efnahag hennar 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og aðrar settar reikningsskilareglur.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar vísam við til skýringar 16 í ársreikningnum þar sem fram kemur að samkvæmt lögum um opinber fjármál og fyrirmælum Fjársýslu ríkisins um reikningsskilameðferð leigusamninga eru skuldbindingar vegna bindandi leigusamninga ekki færðar í ársreikningi Alþingis heldur í reikningsskilum ríkissjóðs í heild. Gerð er nánari gerð grein fyrir fjárhagslegum áhrifum henni í skýringu 16.

### Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun forstöðumanns sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritun forstöðumanns og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun forstöðumanns höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun forstöðumanns hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning stofnunarinnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Stjórnendur skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla er byggð á faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar eru viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefur glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórnendur að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík,

2026

***Advant endurskoðun ehf.***

Hinrik Gunnarsson  
endurskoðandi

## Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga.....	2	5.334.500.000	4.840.100.000
Sala á vöru og þjónustu .....		32.159.380	26.569.042
Framlög, gjafir og aðrar tekjur .....	3	10.896.342	46.967.322
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	54.834.647	43.964.960
<b>Tekjur samtals</b>		<b>5.432.390.369</b>	<b>4.957.601.324</b>
<b>Gjöld</b>			
Tilfærslur .....		127.340.492	131.728.098
Laun og launatengd gjöld .....	4	3.835.098.731	3.777.589.126
Annar rekstrarkostnaður .....	5	1.044.522.966	956.382.621
Afskriftir og niðurfærslur .....	6	54.834.647	43.964.960
<b>Gjöld samtals</b>		<b>5.061.796.836</b>	<b>4.909.664.805</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>370.593.533</b>	<b>47.936.519</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármunatekjur .....		8.678	1.051.400
Fjármagnsgjöld .....		(665.556)	
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif .....		(509.416)	(665.458)
	7	(1.166.294)	385.942
<b>Söluhagnaður (-tap) og matsbreytingar eigna</b>			
Söluhagnaður / sölutap af fjármálagreiningur, nettó .....	8	42.038.752	0
<b>Afkoma ársins</b>		<b>411.465.991</b>	<b>48.322.461</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		407.606.483	52.650.559
Rekstrartilfærslur .....		3.859.508	(4.328.098)
		<b>411.465.991</b>	<b>48.322.461</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	41.346.434	152.864.650
Skammtímakröfur .....	10	3.365.642	11.041.011
Tengdir aðilar .....	11	846.993.423	341.176.159
Aðrar eignir .....		0	229.110
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12	176.966.952	185.334.611
Óefnislegar eignir .....	13	390.308.191	335.343.859
<b>Eignir samtals</b>		<b>1.458.980.641</b>	<b>1.025.989.400</b>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	14	271.441.808	270.416.517
Tengdir aðilar .....	11	8.590.922	5.961.506
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....		539.145.148	521.274.605
<b>Skuldir samtals</b>		<b>819.177.878</b>	<b>797.652.628</b>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		<b>639.802.763</b>	<b>228.336.772</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....		639.710.762	228.244.772
Annað eigið fé .....		92.000	92.000
<b>Eigið fé samtals</b>	15	<b>639.802.762</b>	<b>228.336.772</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>1.458.980.641</b>	<b>1.025.989.400</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		411.465.991	48.322.461
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	54.834.647	43.964.960
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(54.834.647)	(43.964.960)
		<u>411.465.991</u>	<u>48.322.461</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur .....		7.904.479	8.256.878
Tengdir aðilar .....		(531.913.976)	(53.460.373)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		1.025.291	27.239.249
		<u>(522.984.205)</u>	<u>(17.964.246)</u>
		<u>(111.518.214)</u>	<u>30.358.215</u>
<b>Handbært fé frá rekstri ( til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....	13	0	(53.630.649)
Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu .....	13	(67.520.600)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	12	(33.989.376)	(67.710.960)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	12	4.383.847	1.653.950
		<u>(97.126.129)</u>	<u>(119.687.659)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	53.187.659
Fjárfestingarframlag .....		97.126.129	66.500.000
		<u>97.126.129</u>	<u>119.687.659</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(111.518.216)	30.358.215
		<u>152.864.650</u>	<u>122.506.435</u>
		<u>41.346.434</u>	<u>152.864.650</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til		Fjárveiting til	Samtals
	rekstrar	Rekstrar-tilfærslur	fjárfestinga	
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 .....	4.998.500.000	131.200.000	68.400.000	5.198.100.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum .....</b>	<b>4.998.500.000</b>	<b>131.200.000</b>	<b>68.400.000</b>	<b>5.198.100.000</b>
Launabætur .....	204.800.000	0	0	204.800.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>5.203.300.000</b>	<b>131.200.000</b>	<b>68.400.000</b>	<b>5.402.900.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok ársins 2024, (umframráðstafað) .....	232.572.870	(4.328.098)	596.135	228.840.907
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>5.431.544.772</b>	<b>131.200.000</b>	<b>68.996.135</b>	<b>5.631.740.907</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(4.795.693.517)	(127.340.492)	(97.126.129)	(5.020.160.138)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2025 .....</b>	<b>635.851.255</b>	<b>3.859.508 -</b>	<b>28.129.994</b>	<b>611.580.769</b>

### Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	567.196.885	520.678.470
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(28.051.737)	596.135
	<b>539.145.148</b>	<b>521.274.605</b>

## Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2025, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

Viðfang	Almennur rekstur 106	Alþingiskostnaður 101	Frramlög til þingflokka 102	Tæki og búnaður 601	Samtals 2025
Málefnasvið - málaflokkur	01 10	01 10	01 10	01 10	
<b>Tekjur</b>					
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2.745.300.000	2.481.500.000	107.700.000	0	5.334.500.000
Sala á vöru og þjónustu .....	32.159.380	0	0	0	32.159.380
Framlög, gjafir og aðrar tekjur .....	9.898.626	997.716	0	0	10.896.342
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	0	0	0	54.834.647	54.834.647
<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.787.358.006</b>	<b>2.482.497.716</b>	<b>107.700.000</b>	<b>54.834.647</b>	<b>5.432.390.369</b>
<b>Gjöld</b>					
Tilfærslur .....	20.750.000	9.928.108	96.662.384	0	127.340.492
Laun og launatengd gjöld .....	1.759.666.446	2.064.640.769	10.791.516	0	3.835.098.731
Annar rekstrarkostnaður .....	719.363.259	324.913.607	246.100	0	1.044.522.966
Afskriftir og niðurfærsla .....	0	0	0	54.834.647	54.834.647
<b>Gjöld samtals</b>	<b>2.499.779.705</b>	<b>2.399.482.484</b>	<b>107.700.000</b>	<b>54.834.647</b>	<b>5.061.796.836</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>	<b>287.578.301</b>	<b>83.015.232</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>370.593.533</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>					
Fjármunatekjur .....	8.678	0	0	0	8.678
Fjármagnsgjöld .....	(665.556)	0	0	0	(665.556)
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif .....	(509.416)	0	0	0	(509.416)
	(1.166.294)	0	0	0	(1.166.294)
<b>Söluhagnaður (-tap) og matsbreytingar eigna</b>					
Söluhagnaður / sölutap af fjármálagreiningum, nettó .....	42.038.752	0	0	0	42.038.752
Söluhagnaður / sölutap ófjárhagslegra liða, nettó .....	0	0	0	0	0
	42.038.752	0	0	0	42.038.752
<b>Afkoma ársins</b>	<b>328.450.759</b>	<b>83.015.232</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>411.465.991</b>
<b>Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum</b>					
Rekstur .....	322.900.759	92.943.340	(8.237.616)	0	407.606.483
Rekstrartilfærslur .....	5.550.000	(9.928.108)	8.237.616	0	3.859.508
	328.450.759	83.015.232	0	0	411.465.991
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:</b>					
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	2.635.200.000	2.386.800.000	107.700.000	0	5.129.700.000
Launbætur .....	110.100.000	94.700.000	0	0	204.800.000
Fjárveiting til tekna .....	2.745.300.000	2.481.500.000	107.700.000	0	5.334.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(2.416.849.241)	(2.398.484.768)	(107.700.000)	0	(4.923.034.009)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b>	<b>328.450.759</b>	<b>83.015.232</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>411.465.991</b>
Staða fjárveitinga 2024 í lok þess árs .....	228.244.772	0	0	0	228.244.772
<b>Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum</b>					
Rekstur .....	551.145.531	92.943.340	(8.237.616)	0	635.851.255
Rekstrartilfærslur .....	5.550.000	(9.928.108)	8.237.616	0	3.859.508
	556.695.531	83.015.232	0	0	639.710.763
<b>Fjárfestingar</b>					
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum .....	0	0	0	68.400.000	68.400.000
Fjárfesting á árinu .....	0	0	0	(101.509.976)	(101.509.976)
Sala fastafjármuna .....	0	4.383.847	0	0	4.383.847
<b>Staða fjárfestingafjárveitingar</b>	<b>0</b>	<b>4.383.847</b>	<b>0</b>	<b>(33.109.976)</b>	<b>(28.726.129)</b>
Staða fjárfestinga 2024 í lok þessa árs .....	0	0	0	596.135	596.135
<b>Staða fjárfestingaheimilda í árslok 2025</b>	<b>0</b>	<b>4.383.847</b>	<b>0</b>	<b>(32.513.841)</b>	<b>(28.129.994)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

## Skýringar

### 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskil eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

#### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

#### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast á ríkissjóð. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

#### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	30% / óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Skammtíma kröfur

Skammtíma kröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru einfaldlega tapaðar eru færðar út úr bókom stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfanga, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2025	2024
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	5.334.500.000	4.840.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	54.834.647	43.964.960
	<u>5.389.334.647</u>	<u>4.884.064.960</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	4.998.500.000	131.200.000	0	5.129.700.000
Launbætur .....	204.800.000	0	0	204.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>5.203.300.000</b>	<b>131.200.000</b>	<b>0</b>	<b>5.334.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(4.795.693.517)	(127.340.492)	0	(4.923.034.009)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>407.606.483</b>	<b>3.859.508</b>	<b>0</b>	<b>411.465.991</b>

	2025	2024
<b>3 Framlög, gjafir og aðrar tekjur</b>		
Framlög frá ríkisaðilum í A1 hluta .....	0	9.000.000
Leigutekjur .....	1.725.000	1.545.000
Ýmsar aðrar tekjur .....	9.171.342	36.422.322
	<u>10.896.342</u>	<u>46.967.322</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	3.097.444.158	3.043.977.575
Breyting á áföllum orlofi .....	18.032.266	13.492.935
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	16.136.844	15.589.696
Launatengd gjöld .....	<u>676.686.653</u>	<u>673.913.159</u>
Samtals launakostnaður .....	3.808.299.921	3.746.973.365
Starfsmannakostnaður .....	26.798.810	30.615.761
	<u>3.835.098.731</u>	<u>3.777.589.126</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	186	195,0

## Skýringar

	2025	2024
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	6.190.817	5.844.767
Byggingarvörur, almennar .....	4.944.841	70.403
Ýmis tæki og áhöld .....	38.033.553	32.015.529
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	6.688	159.907
Orkugjafar .....	38.369.918	55.323.670
Matvæli .....	57.729.002	46.892.013
Almennar rekstrarvörur .....	18.079.642	19.633.345
Vörukaup, almenn	163.354.461	159.939.634
Kennslu- og föndurvörur .....	1.208.519	1.308.596
Ýmsar sérgreindar vörur .....	58.214	431.139
Vörukaup, sérgreind	1.266.733	1.739.735
Fundur, námskeið, risna .....	53.619.885	50.185.817
Ferðir, uppihald .....	146.174.240	126.278.375
Akstur .....	50.354.084	46.202.338
Sérfræðipjónusta .....	132.725.774	127.018.018
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	253.831	176.420
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	9.354.869	6.776.478
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	15.033.682	12.260.914
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	407.516.365	368.898.360
Samningsbundin kaup og leiga .....	45.250	124.294
Afnotagjöld .....	68.664.234	41.317.067
Leigugjöld .....	98.315.690	138.747.936
Notkun véla og flutningatækja .....	16.394.080	26.262.311
Verkkaup .....	179.196.594	127.582.426
Kostnaðarhlutdeild .....	1.213.681	409.051
Áhættutap og bætur .....	1.113.202	759.584
Tryggingar, lögboðnar .....	5.412.733	4.658.127
Opinber gjöld .....	109.720.195	91.097.046
Tapaðar kröfur .....	27.500	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	480.103.159	430.957.842
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	(7.717.752)	(5.152.950)
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.044.522.966	956.382.621
<b>6 Afskriftir og niðurfærslur</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	38.949.483	36.021.281
Farartæki og vélar .....	2.966.620	3.450.220
Úreldar eignir .....	362.276	430.435
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	12.556.268	4.063.024
	54.834.647	43.964.960
<b>7 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vextir af skammtímakröfum og aðrar fjármunatekjur .....	8.678	2.022
Arðgreiðslur frá öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélagum .....	0	1.009.418
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif .....	(509.416)	(205.552)
Dráttarvextir .....	(628.412)	(402.527)
Önnur fjármagnsgjöld .....	(37.144)	(17.419)
	(1.166.294)	385.942
<b>8 Söluhagnaður (-tap) og matsbreytingar eigna</b>		
Söluhagnaður / sölutap hlutabréfa .....	42.038.752	0
	42.038.752	0

## Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
<b>9 Handbært fé</b>		
Innlendar bankainnistæður .....	41.346.434	152.864.650
	<u>41.346.434</u>	<u>152.864.650</u>
<b>10 Skammtímakröfur</b>		
Skammtímakröfur .....	2.445.125	3.100.274
Skammtímakröfur á erlenda aðila .....	920.516	7.940.737
	<u>3.365.642</u>	<u>11.041.011</u>
<b>11 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð.....	846.993.423	333.956.042
Kröfur á tengda aðila.....	0	1.191.625
Skuldir við tengda aðila.....	8.590.922	5.961.506
	<u>8.590.922</u>	<u>5.961.506</u>

## Skýringar

<b>12 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	152.789.569	158.190.608
Farartæki og vélar .....	14.277.383	17.224.003
Aðrar eignir .....	9.900.000	9.900.000
	<u>176.966.952</u>	<u>185.314.611</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2025 .....	322.028.976	27.601.762	9.900.000	359.530.738
Viðbætur á árinu .....	33.989.376	0	0	33.989.376
Selt/úrelt á árinu .....	(6.506.013)	0	0	(6.506.013)
	<u>349.512.339</u>	<u>27.601.762</u>	<u>9.900.000</u>	<u>387.014.101</u>
Afskriftir 1.1.2025 .....	163.838.368	10.357.759	0	174.196.127
Afskrift ársins .....	38.949.483	2.966.620	0	41.916.103
Selt/úrelt á árinu .....	(6.065.080)	0	0	(6.065.080)
	<u>196.722.771</u>	<u>13.324.379</u>	<u>0</u>	<u>210.047.150</u>
Staða 31.12.2025 .....	<u>152.789.568</u>	<u>14.277.383</u>	<u>9.900.000</u>	<u>176.966.951</u>

<b>13 Óefnislegar eignir</b>	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
Óefnislegar eignir.....	54.200.400	1.736.000
Verk í vinnslu, hugbúnaður .....	336.107.791	333.607.859
	<u>390.308.191</u>	<u>335.343.859</u>

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2025:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2025 .....	20.315.116
Viðbætur á árinu .....	346.928.059
	<u>367.243.175</u>
Niðurfært 01.01.2025 .....	18.579.116
Niðurfærsla ársins .....	12.556.268
	<u>31.135.384</u>
Staða 31.12.2025 .....	<u>336.107.791</u>

### 14 Aðrar skuldir

Áfallið og ógreitt orlof .....	218.054.458	202.730.480
Ýmsar skuldir .....	53.387.350	67.686.037
	<u>271.441.808</u>	<u>270.416.517</u>

## Skýringar

### 15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum	31.12.2025	31.12.2024
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	228.336.772	177.940.655
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	2.073.656
Afkoma ársins .....	411.465.991	48.322.461
Jöfnuður 31.12. ....	639.802.763	228.336.772

Ráðstöfun afkomu ársins og yfrfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanlega á ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið setur út frá 30. gr laga um um opinber fjármál í samráð við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 16 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, ýmsa rekstrar- og þjónustubætti, sem og styrktar- og samstarfssamninga. Samkvæmt lögum um opinber fjármál og fyrirmælum Fjársýslu ríkisins um reikningskilameðferð leigusamninga, eru skuldbindingar vegna bindandi leigusamninga ekki færðar í ársreikningi Alþingis heldur í reikningskilum ríkissjóðs.

Húsaleiguskuldbinding hefur ekki verið færð í efnahagsreikning. Hún nemur 278 millj. kr. í árslok, miðað við verðlag í lok árs, og hefur ekki verið núvirt. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema um 28,0 millj. kr. miðað við verðlag 1.1.2026. Leigusamningar eru verðtryggðir miðað við vísitölu neysluverðs. Gjöld vegna þessara samninga eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar.

Húsaleiguskuldbinding stofnunarinnar skiptist þannig á næstu ár: Til næstu fimm ára 141 millj. kr. og eftir það 137 millj. kr.

Lífeyrisskuldbindingar hvíla á stofnuninni vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Alþingis. Þær skuldbindingar eru þó ekki færðar í reikningskil stofnunarinnar, heldur hjá ríkissjóði fyrir ríkisstofnanir í A-hluta.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2025.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningskilatímabilsins sem hafa áhrif á upplýsingar eða fjárhæðir í ársreikningi.